

30. marz 1951.

4.H.18.

Nr. 122  
Pípuhattur Jóns Kristjánssonar,  
professors, nú eign Kristjáns  
Jónssonar blaðamanns.  
Br. sr. nr. 252, 20/3, Db. 23. H. 6.

Svo illa tókst til, að sending þessi barst eigi  
ráðuneytinu fyrr en Kristján blaðamaður Jónsson var lagður  
af stað til Englands með togara.

Með því að Kristján kynni að hafa ætlað sér að  
nota hattinn í ferð sinni, þykir ekki rétt að halda honum  
hér og eiga á hettu að baka Kristjáni óþægindi. Endur-  
sendist hatturinn því hér með, og er sendiráðinu heimilað  
að afhenda Kristjáni hann á viceigandi hátt.

F. h. r.

e. u.



Sendiráð Íslands,

L o n d o n .